

7. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 24. október, kl. 14.00, í Flúðaskóla.
12. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Lára Bergljót Jónsdóttir og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði. Kristín Erla Ingimarsdóttir, fulltrúi kennara mætti ekki til fundarins.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Fjárhagsáætlun 2011. Yfirlit.
3. Skjalavarsla í grunnskólum. Nýjar reglur.
4. Skólaþing - skólastefna.
5. Úttekt vegna stjórnenda.
6. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Samræmd könnunarpróf

Fyrstu niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 10. bekk 2011

Samræmdar einkunnir 2011 á kvarðanum 1-10 Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum könnunarprófum í 10. Bekk

	Íslenska		Stærðfræði		Enska	
	M	s.f	M	s.f	M	s.f
Höfuðborgarsvæði	6,6	1,6	6,1	1,7	7,5	1,7
Suðvesturkjördæmi	6,6	1,5	6,2	1,7	7,6	1,6
Norðvesturkjördæmi	6,4	1,5	5,6	1,7	7,0	1,8
Norðausturkjördæmi	6,3	1,5	5,6	1,7	7,0	1,8
Suðurkjördæmi	6,2	1,5	5,6	1,6	6,9	1,8
<i>Landið allt</i>	<i>6,5</i>	<i>1,5</i>	<i>5,9</i>	<i>1,7</i>	<i>7,3</i>	<i>1,8</i>
Flúðaskóli	6,7		6,0		7,1	

Enn vantar samantekt á einsökum liðum í prófunum til þess að hægt sé að skoða þetta nánar.

Ekki hafa borist neinar niðurstöður fyrir 4. og 7. bekk.

Starfsmannamál

Ólöf hefur verið í veikindaleyfi þennan mánuð og hefur Guðbjörg Jóhannsdóttir leyst af í eldhúsi þann tíma. Katrín Ösp er að fara í veikindaleyfi og mun Guðbjörg halda áfram hjá okkur eftir að Ólöf kemur til baka og þá í forföllum Katrínar.

Stuðningsfulltrúar fóru í skólaheimsóknir til Reykjavíkur á foreldra- og nemendaviðtalsdeginum.

Undirbúningur fyrir utanlandsferð kennara er nú í fullum gangi og stefnum við á Skotland enda eru þeir sagðir fremstir meðal jafningja hvað varðar heilsueflandi skóla og ýmislegt annað.

Nemendur

10. bekkingar voru með árlega myndasýningu úr Danmerkurferð sinni þann 4. október síðastliðinn og var góð mæting.

Nemendur í 5. bekk tóku þátt í að gróðursetja eplatré í lystigarðinum ásamt elstu nemendum úr leikskólanum.

Yngsta og miðstig eru búin að fara í sín árlegt haustferðalög. Yngsta stigið fór í Þjórsárdal. Miðstigið fór í menningarferð til Reykjavíkur.

Foreldra- og nemendaviðtöl voru mánudaginn 17. október og fóru þau vel fram og engar sérstakar ábendingar komu þar fram.

Nemendur í 8. - 10. bekk fóru á hrekkjavökuball í Reykholti fimmtudagskvöldið 20. okt., en það er samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar og skólans.

2. Fjárhagsáætlun 2011. Yfirlit.

Skólastjóri fór yfir stöðu mála og er fjárhagur skólans í samræmi við fjárhagsáætlun.

3. Skjalavarsla í grunnskólum. Nýjar reglur.

Skólastjóri fór yfir nýjar reglur um skjalavörslu í grunnskólum. Mikil vinna er framundan að fara yfir það efni sem til er. Reglurnar verða kynntar skólastjórendum ítarlega á næstunni.

4. Skólaþing - skólastefna.

Skólastjóri kynnti tilboð og hugmyndir um verklag skólaþings frá ráðgjafafyrirtæki. Samþykkt að skólastjórnendur óski eftir tilboðum frá fleiri aðilum og að helstu hagsmunaaðilar beggja sveitarfélagana verði kallaðir saman þegar fleiri tilboð liggja fyrir. Einnig þarf að liggja fyrir hvernig kostnaðinum skuli skipt á milli sveitarfélagana. Samþykkt að beina því til sveitastjóra sveitarfélagana beggja að ræða kostnaðarskiptinguna.

5. Úttekt vegna stjórnenda.

Formaður fór yfir stöðu mála. Búið er að finna aðila sem getur tekið að sér úttektina. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir í janúar 2012.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.10.